

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2011****2011/EES/65/03****frá 30. september 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/10/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu bifentríni við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/11/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu (Z,E)-tetradeka-9,12-díenýlasetati við í I. viðauka og I. viðauka A við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/12/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu fenoxýkarbi við í I. viðauka við hana ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/13/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu nónansýru við í I. viðauka við hana ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32011 L 0010**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/10/ESB frá 8. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 41),
- **32011 L 0011**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/11/ESB frá 8. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 45),
- **32011 L 0012**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/12/ESB frá 8. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 49),
- **32011 L 0013**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/13/ESB frá 8. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 52).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2011/10/ESB, 2011/11/ESB, 2011/12/ESB og 2011/13/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 45.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 49.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 52.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.